

2008

**Lyfjagreiðslunefnd
Ársskýrsla**

Efnisyfirlit

Formáli	3
1. Nefndarmenn	4
2. Fulltrúar hagsmunaaðila	4
3. Starfsmenn nefndarinnar	4
4. Fundir	4
5. Samantekt á árinu 2008	4
5.01 Breytingar á lyfjalögum	4
5.02 Heildarverðendurskoðun	4
5.03 Erlendur verðsamanburður	5
5.04 Breyting á smásöluálagningu	5
5. Nýtt lyfjaverðskrárkerfi	5
6. Ferðir og fundir	5
7. Samvinnuverkefni við sænsku lyfjagreiðslunefndina-LFN (TLV)	6
6. Greining verkefna og samantekt	6
6.01 Fjöldi erinda	6
6.02 Tími - afgreiðsla	6
7. Þróun á gengi helstu innflutningsgjaldmiðla lyfja 2009	7
8. Fjármál nefndarinnar	7

Lyfjagreiðslunefnd 2008

Formáli

Ársskýrsla þessi er ætluð fyrir nefndarmenn, starfmenn nefndarinnar, heilbrigðisráðuneytið og aðrar stjórnsýslustofnanir sem nefndin vinnur með.
Í henni er gerð grein fyrir starfssemi nefndarinnar á árinu 2008 ásamt helstu starfssemistölum.

1. Nefndarmenn

Rúna Hauksdóttir, formaður nefndarinnar, skipuð af heilbrigðisráðuneytinu.
Matthías Halldórsson, tilnefndur af Landlæknisembættinu.
Hallgrímur Guðmundsson, tilnefndur af Fjármálaráðuneytinu – hætti á árinu.
Leifur Eysteinnsson, tilnefndur af Fjármálaráðuneytinu – tók við af Hallgrími.
Guðrún I. Gylfadóttir, tilnefnd af Sjúkratryggingum Íslands.
Þorbjörg Kjartansdóttir, tilnefnd af Lyfjastofnun.

2. Fulltrúar hagsmunaaðila

Þorvaldur Árnason, fulltrúi smásala.
Guðbjörg Alfreðsdóttir, fulltrúi heildsala.
Gunnar Þorkelsson, fulltrúi dýralækna.

3. Starfsmenn nefndarinnar

Rúna Hauksdóttir, lyfjafræðingur og heilsuhagfræðingur.
Sveinbjörn Högnason, viðskiptafræðingur.
Guðmundur Gylfi Guðmundsson, hagfræðingur.

4. Fundir

Haldnir voru samtals 22 fundir á árinu, nr. 87 til 109.

5. Samantekt á árinu 2008

5.01 Breytingar á lyfjalögum – Í maí voru samþykktar breytingar á lyfjalögum og í kjölfar þess lækkaði Actavis verð á fjölmörgum lyfjum í tveimur skrefum. Fyrri lækkunin kom fram í verðskránni 1. maí og áætlað var að þetta yrði um 120 milljón kr. lækkun á ársgrundvelli á heildsöluverði sem er um 240 milljónir á smásöluverði þess árs. Í kjölfarið lækkuðu nokkur fyrirtæki verð sín en viðmiðunarverð breyttist ekki og því kom þessi lækkun TR ekki til góða.

Í október lækkaði Actavis aftur lyfjaverð á ársgrundvelli að upphæð 90 milljónir sem áætlað var að yrði um 180 milljónir á smásöluverði á ársgrundvelli. Í kjölfarið lækkuðu önnur lyfjafyrirtæki verð sín í verðskrá og á viðmiðunarverðskrá. Erfitt var að áætla þá verðlækkun en líklegt er að hún verði á bilinu 60-70 milljónir á smásöluverði á ársgrundvelli. Frumtök og Lyfjagreiðslunefnd hafa áætlað að breytingar á lyfjalögnum hafi haft í för með sér 500 milljóna lækkun á lyfjakostnaði á smásöluverði á ársgrundvelli.

5.02 Heildarverðendurskoðun – Síðari hluta árs 2008 fór fram heildarverðendurskoðun á vörunúmerum með veltu lægri en 3,5 m.kr. á ársgrundvelli. Áætlað var að það myndi skila að hámarki 300 milljón kr. lækkun á lyfjakostnaði á ársgrundvelli reiknað á smásöluverði.

5.03 Erlendur verðsamanburður – Lyfjagreiðslunefnd gerði fimm verðkannanir/samanburði fyrir þær 33 veltuhæstu pakkningar sem Tryggingastofnun niðurgreiddi fyrir landsmenn árið 2006. Kannanirnar voru gerðar í febrúar, mars, apríl, júní og júlí. Að jafnaði var íslenska smásöluverðið hæst í 14 tilvikum en lægst í 2 tilvikum. Að jafnaði var íslenska heildsöluverðið hæst í 3 tilvikum en lægst í 8 tilvikum.

5.04 Breyting á smásöluálagningu - Í lok árs 2007 og í upphafi árs 2008 voru hafnar viðræður við smásala um breytingar á smásöluálagningu með það fyrir augum að breyta hlutfalli prósentu álagningar og krónutölu. Ákveðið var að Guðmundur Gylfi og Hallgrímur Guðmundsson frá Lyfjagreiðslunefnd ásamt Þorvaldi Árnasyni fulltrúar smásala mynduðu vinnuhóp og legðu fram tillögur fyrir nefndina. Tvær skýrslur voru unnar fyrir nefndina. Þ.e. annars vegar skýrsla gerð af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands um rekstarumhverfi á lyfjamarkaði og hins vegar skýrsla gerð af Rannsóknarstofnun um lyfjamál við Háskóla Íslands um forkönnun á þjónustugjöldum apóteka. Samþykkt var á 100. fundi Lyfjagreiðslunefndar þann 26. ágúst 2008 breytingu á smásöluálagningu lyfja sem tók gildi frá og með 1. janúar 2009.

Heildsölu- verð	hlutfalls- álagning	krónutölu- álagning
0 - 11.999	9%	675 kr.
12.000 og hærra	0%	1.755 kr.

5. Nýtt lyfjaverðskrárkerfi

Tilfærsla varð á vinnu við lyfjaverðskrána frá Sjúkratryggingum Íslands til Lyfjagreiðslunefndar í tveimur skrefum á árinu 2008.

Fyrri skrefið átti sér stað í 1. febrúar 2008 þegar lyfjagreiðslunefnd Sjúkratrygginga Íslands hætti að hafa starfsmann hjá sér í vinnu við mánaðarlega uppfærslu á lyfjaverðskránni. Seinna skrefið átti sér stað í kjölfar breytinga á lyfjalögun sem samþykkt voru á Alþingi í maí 2008 og tóku gildi 1. október 2008. Þá tók Lyfjagreiðslunefnd alfarið yfir rekstur og hýsingu á lyfjaverðskránni. Á árinu 2008 lagði nefndin í kostnað á rúmar 10 millj. kr. vegna forritunar og sérfræðiaðstoðar vegna nýrrar verðskrár.

6. Ferðir og fundir

Meeting of the Working Group on Relative Effectiveness í Brussels 28. janúar 2008 – Rúna Hauksdóttir, formaður.

Vinnufundur hjá sænsku lyfjagreiðslunefndinni (LFN) í Stokkhólmi, 10.-11. júní 2008 – Rúna Hauksdóttir, formaður.

Nordiska myndighetsmötet í Helsinki Finnlandi 21-22 maí – Guðmundur G. Guðmundsson og Sveinbjörn Högnason, starfsmenn. Ferðin var einnig nýtt til að funda með tölvumönnum Lægemiddelstyrelsen í Danmörku til að skoða kerfið sem gefur út lyfjaverðskrána.

Evrópsk þing í lyfjahagfræði í Aþenu í Grikklandi, 9-11 nóvember 2008 – Rúna Hauksdóttir, formaður.

7. Samvinnuverkefni við sænsku lyfjagreiðslunefndina-LFN (TLV)

Fulltrúar sænsku lyfjagreiðslunefndarinnar komu til fundar við Lyfjagreiðslunefndina 28. febrúar. Þau sem komu frá LFN voru Ann-Christin Tauberman, forstjóri, Douglas Lundin, starfsmaður nefndarinnar og nefndarmaðurinn Mikael Hoffmann.

Fundað var með ráðherra, Lyfjagreiðslunefnd, fulltrúum ráðuneytisins og hagsmunaaðilum. Síðar á árinu var unnið frekar með mögulegt tilraunaverkefni um sameiginlegar verð og greiðsluþátttöku umsóknir í Svíþjóð og á Íslandi. Horft var til fyrirmyndar hjá Lyfjastofnun og samvinnu þeirra við sína sænska systurstofnun.

Heilbrigðisráðherrar Svíþjóðar og Íslands undirrituðu viljayfirlýsingu um samstarf á sviði verðlagningar og greiðsluþátttöku lyfja í júní 2008.

Jafnframt var unnið með LFN um endurskoðun á greiðsluþátttöku ákveðinna lyfjaflokka með áherslu á prótónpumpuhemla og blóðfitulækkandi lyf. Í júní 2008 fór formaður lyfjagreiðslunefndar ásamt Guðrúnu I. Gylfadóttur frá lyfjagreiðslu Sjúkratrygginga til LFN að kynna sér framkvæmdina á ofangreindum endurskoðunum.

6. Greining verkefna og samantekt

6.01 Fjöldi erinda

Erindi-skýring	Fjöldi
Afnám S-merkingar	13
Breytt Greiðsluþátttaka	39
Breytt verð	36
Gjaldmiðilsbreyting	63
Nýtt verð og/eða greiðsluþátttaka	294
Verðhækkun	259
Verðlækkun	221
Samtals	925

6.02 Tími - afgreiðsla

Fjöldi daga í afgreiðslu	Fjöldi erinda
0-20	112
21-41	319
42-62	68
63-83	35
84-90	138
91-180	155
181-198	10
Hafnað/dregið til baka	98
Samtals	770

7. Þróun á gengi helstu innflutningsgjaldmiðla lyfja 2008

Gengisbreytingar voru án fordæma á árinu og leiddu til verulega hærra lyfjaverðs til neytenda.

	1.jan.08	1.des.08	Breyting
USD	62,3118	140,900	126,12%
GBP	127,3359	210,900	65,62%
DKK	12,2489	23,816	94,43%
NOK	11,3687	19,941	75,40%
SEK	9,7291	17,252	77,32%
CHF	55,3223	115,440	108,67%
EUR	91,3486	177,490	94,30%

Gjaldmiðill	Hlutfall í lyfjakostnaði
CHF	0,1%
DKK	31,3%
GBP	6,6%
IKR	23,1%
NOK	4,3%
SEK	24,7%
USD	2,3%
EUR	6,9%

8. Fjármál nefndarinnar

	Árið 2008
Laun og launatengd gjöld	27.110.216
Aðkeypt þjónusta	10.188.181
Fundir, ferðir	1.027.382
Rekstur skrifstofu	3.899.749
Samtals	42.225.528
Fjárlög	31.600.000
Mismunur	-10.625.528

Nefndin fór umfram fjárheimild ársins að fengnu leyfi ráðuneytisins. Nefndin átti uppsafnaðar heimildir frá fyrru árum, m.a. fluttist frá árinu 2007 2,4 milljónir. Allur kostnaður sem var umfram fjárveitingu ársins var vegna nýs lyfjaverðskrárkerfis og aðkeyptrar vinnu vegna þess. Leiga á húsnæði er talin með rekstri skrifstofu.